

29. Grein - Slit BÍS

Lagabreytingatillagan sem kosið var um með breytingatillögum Bjarka Geirs og stjórnar BÍS.

29. GREIN - SLIT BÍS

Vegna skráningar BÍS sem almannaheillasamtaka var bent á að gera þyrfti betur grein í lögum um hvernig ráðstafa skuli eignum þess, komi til slita, eins og segir í athugasemd frá RSK:

„Laga þarf núverandi samþykktir og setja inn skýrara ákvæði varðandi ráðstöfun eigna við slit félagsins og í samræmi við markmið þess.“

...

Breytingatillaga stjórnar BÍS á núverandi grein:

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögsmætu Skátapingi. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

~~Ákvæði laga þessara um Skátaping skulu gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.~~

Komi til slita BÍS skal ráðstafa eignum þess í samræmi við markmið og hlutverk þess, eins og getið er í 5. grein þessara laga, til annarra skátabandalaga á Íslandi, séu þau starfrækt, eða sambærilegra ungmennasamtaka.

Flutningsaðili

Stjórn BÍS

Samþykkt lagabreytingartillaga með samþykktum breytingatillögum Bjarka Geirs og stjórnar BÍS.

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögsmætu Skátapingi. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn

skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Ákvæði laga þessara um Skátaping skulu gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

~~Komi til slíta BÍS skal ráðstafa eignum þess í samræmi við markmið og hlutverk þess, eins og getið er í 5. grein þessara laga, til annarra skátabandalaga á Íslandi, séu þau starfrækt, eða sambærilegra ungmennasamtaka.~~

Eingöngu má ráðstafa eignum og réttindum BÍS til skátafélaganna á Íslandi eða annarra skátasambanda á Íslandi sé þau starfrækt, eða almannaheillasamtaka með sambærileg markmið og BÍS.

Verður:

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögmætu Skátapingi. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Ákvæði laga þessara um Skátaping skulu gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

Eingöngu má ráðstafa eignum og réttindum BÍS til skátafélaganna á Íslandi eða annarra skátasambanda á Íslandi sé þau starfrækt, eða almannaheillasamtaka með sambærileg markmið og BÍS.